

Nd.

261. Tillaga

til þingsályktunar um líftrygging sjómanna.

Frá nefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um líftrygging sjómanna, og að hún við samning slíks frumvarps taki til ihugunar:

1. hvort eigi sje unt að gera líftryggingarskylduna viðtækari en hún er nú.
2. hvort eigi sje tiltækilegt, að hækka iðgjöldin og þar af leiðandi útborgun úr sjóðnum að mun frá því, sem nú er.
3. hvort eigi sje unt að taka upp í slíka löggjöf ákvæði um slysa-ábyrgð og uppbót fyrir atvinnutjón.
4. hvort eigi mundi rjettara að ákveða, að útborgun úr sjóðnum fjelli til þeirra einna, er hinum líftrygða var skylt að annast að lögum, þar með talin óskilgetin börn á ómaga-aldri, en systkini alls ekki.
5. hvort eigi væri tiltækilegt, að landssjóður styrkti sjóðinn með árlegu fjárframlagi, og
6. hvort eigi væri ástæða til að hafa sjerstaka líftrygging handa þeim, er stunda sjó eingöngu á róðrabátum.